

# Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring






## Leiðbeiningar fyrir sjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


### Að auðvelda aðgengi

Stillingar sem varða það að auðvelda aðgengi á einn eða annan hátt eru allir undir Settings -> General -> Accessibility



### 1.a. Að geta notað myndavélina sem stækkunargler


Veldu „Magnifier“



### 1.b.

Opnaðu (grænt) fyrir „Magnifier“. Nú geturðu hvenær sem er þrismellt á heimahnappinn til þess að opna stækkunarglerið.


Ath. Það er einnig hægt að nálgast stækkunarglerið í gegnum Control Centre (sjá frá 5.f., bls. 9).






## 2.a. Að stækka texta

Veldu „Larger Text“




## 2.b.

Færðu sleðann til hliðar til þess að stækka eða minnka allan texta á skjánum.



## 2.c.

Opnaðu (grænt) fyrir „Larger Accessibility Sizes“ til þess að geta stækkað textann enn frekar.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring

### 3.a. Að nota rofa til að stjórna tækinu


Veldu „Switch Control“.



### 3.b.


Opnaðu (grænt) fyrir „Switch Control“ efst.

Síðan þarf að stilla rofann/ rofana eftir þörfum (á listanum fyrir neðan). Ekki er farið nánar í þær stillingar hér.



### 3.c.


Að tengja rofa við spjaldtölvuna breytir því hvernig þú stjórnar tækinu. Þú ert því beðin(n) um að staðfesta („OK“) eða hætta við („Cancel“).





#### 4.a. Að breyta erfiða snertingu í einfalda snertingu


Hægt er að breyta erfiða snertingu (eins og að sveipa, ýta á heimahnappinn eða stækka) með því að velja „Assistive Touch“.



#### 4.b.


Opnaðu (grænt) fyrir „Assistive Touch“ efst.

Þá birtist Assistive Touch takkinn á skjánum.



#### 4.c.

Þegar þú snertir Assistive Touch takkann opnast gluggi með þeim snertingum sem hægt er að nálgast þar.






## Leiðbeiningar fyrir sjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


4.d.

Veldu „Customise Top Level Menu...“ til þess að breyta því hvaða snertingar eru aðgengilegar í Assistive Touch glugganum.




4.e.

Veldu þá tegund snertinga sem þú vilt skipta út.



4.f.

Veldu þá tegund snertinga sem þú vilt bæta við í staðinn á listanum sem kemur upp.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring

### 5.a. Flýtleiðir (Control Centre)


Hægt er að nálgast ýmsum flýtleiðum með því að sveipa niður frá efra hægri horni á skjánum.



### 5.b.


Listinn sem kemur upp er kallaður „Control Centre“ og þar eru nokkrar flýtleiðir fastar:

Hægt er að stilla **hljóðstyrk** og **birtustig**.



### 5.c.

Hægt er að tengja eða aftengja spjaldtölvuna **WiFi**, **Bluetooth** eða **AirDrop**.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


5.d.

Hægt er að **læsa skjánum** svo skjámyndin snúist ekki með tækinu.



5.e.

Hægt er að velja hvaða flýtleiðir eigi að birtast neðst í flýttivalinu með því að fara í „Settings“ (sjá 5.f., bls. 9).








## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring

5.f.


### Að breyta flýttivalinu í Control Centre:

Hægt er að breyta því hvaða  
flýtleiðir birtast í Control  
Centre undir Settings ->  
Control Centre



5.g.


### Veldu „Customise Controls“



5.h.

Snertu rauða mínusinn fyrir  
framan þær flýtleiðir sem þú  
vilt fjarlægja úr flýttivalinu.

Snertu græna plúsinn fyrir  
framan þær flýtleiðir sem þú  
vilt bæta við flýttivalið.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


### 6.a. Að takmarka aðgang að flýtleiðum

Sumar flýtleiðir geta truflað notkun spjaldtölvunnar. Hægt er að takmarka aðganginn að nokkrum þeirra undir Settings -> General -> Multitasking & Dock



### 6.b.


Til þess að koma í veg fyrir að sveipa óvart á milli forrita getur verið gott að loka (grátt) fyrir „Gestures“.



### 6.c.

Til þess að koma í veg fyrir að val-stíkan, sem hægt er að kalla fram með því að sveipa upp neðst á skjánum, breytist getur verið gott að loka (grátt) fyrir „Show Suggested and Recent Apps“.

Sjá etv. skýringu á bls. 11.






6.d.


Til þess að loka fyrir aðgang að Control Centre inni í forritum getur verið gott að loka (grátt) fyrir „Access Within Apps“ undir Settings -> Control Centre.

Sjá etv. skýringu hér fyrir neðan.




### Útskýringar fyrir 6.c og d:

Á val-stikunni sem hægt er að kalla fram með því að sveipa upp neðst á skjánum birtast forritin sem hafa verið notuð seinast lengst til hægri. Það getur verið truflandi þar sem val-stíkan er þá ekki alltaf eins.



Control Centre er flýttivalið sem hægt er að kalla fram með því að sveipa niður frá efra hægra horni á skjánum. Það getur verið truflandi ef flýttivalið er óvart kallað fram þegar unnið er inni í einhverju forriti.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


### 7.a. Hagnýtar stillingar á lyklaborðinu

Hægt er að gera flestar stillingar á lyklaborðinu undir Settings -> General -> Keyboard.




### 7.b.

Til þess að koma í veg fyrir að spjaldtölvan leiðrétti sjálfkrafa texta sem verið er að skrifa getur verið gott að loka (grátt) fyrir „Auto-Correction“



### 7.c.


Til þess að láta lyklaborðið fylla út í skjáinn frá hægri til vinstri og hafa þar með takkana stærri og aðgengilegri þarf að loka (grátt) fyrir „Split Keyboard“.






7.d.

Til þess að **fjarlægja flýtleiðir af lyklaborðinu** sem gerir manni kleift að nálgast fleiri tákni með því að sveipa niður á einstökum tökkum þarf að loka (grátt) fyrir „Enable Key Flicks“.




7.e.

Til þess að **hafa einungis hástafi á lyklaborðinu** þarf að fara í Settings -> General -> Accessibility -> Keyboard (undir „Interaction“)



7.f.

Lokaðu (grátt) fyrir „Show Lowercase Keys“ efst.







## Að takmarka aðgengi

Flestar stillingar sem snúa að því að takmarka aðgengi að einhverju leiti má nálgast undir Settings -> Screen Time.

Ath. Screen Time fylgir iOS12 og er því ekki aðgengilegt í eldri útgáfum af stýrikerfinu. Það þarf að opna fyrir Screen Time og setja það upp áður en hægt er að byrja að nota það.


8.a.

Til þess að loka fyrir aðgang að öllum forritum á ákveðnu tímabili „Downtime“.



8.b.

Sláðu inn fjögurra stafa pinnúmerið sem þú valdir þegar þú settir upp Screen Time.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


8.c.

Opnaðu (grænt) fyrir  
„Downtime“.



8.d.

Stilltu tímabilið sem þú vilt  
hafa öll forrit læst í  
spjaldtölvunni.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


9.a.

Til þess að **stilla hámarkstíma á sólarhring sem hægt er að vinna í ákveðnum forritum** þarf að fara í „App Limits“ undir Settings -> Screen Time.




9.b.

Sláðu inn fjögurra stafa pinnúmerið sem þú valdir þegar þú settir upp Screen Time.



9.c.

Veldu „Add Limit“








## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


9.d.

Veldu þann flokk forrita sem þú vilt takmarka aðganginn að og veldu síðan „Next“.



9.e.

Stilltu þann hámarkstíma á sólarhring sem þú vilt að forritin séu aðgengileg og veldu síðan „Add“.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


10.a.

Til þess að **takmarka** möguleikann á því að **hlaða niður nýjum forritum eða eyða forritum** þarf að fara í „Content & Privacy Restrictions“ undir Settings -> Screen Time.




10.b.

Sláðu inn fjögurra stafa pinnúmerið sem þú valdir þegar þú settir upp Screen Time.



10.c.

Opnaðu (grænt) fyrir „Content & Privacy Restrictions“ efst.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring

10.d.


Veldu „iTunes & App Store Purchases“.

Sjá síðan 10.e. eða 10.g.



10.e.


Veldu „Installing Apps“ til þess að **loka fyrir möguleikann á að hlaða niður nýjum forritum úr AppStore.**



10.f.

Veldu „Don't Allow“.

Ath. til þess að opna fyrir þennan möguleika aftur þarf að fara sömu leið og velja „Allow“.






## Leiðbeiningar fyrir spjalddölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring

10.g.


Veldu „Deleting Apps“ til þess að loka fyrir möguleikann á að eyða út forritum.



10.h.


Veldu „Don't Allow“.

Ath. til þess að opna fyrir þennan möguleika aftur þarf að fara sömu leið og velja „Allow“.



11.a.

Til þess að þurfa alltaf að stimpla inn lykilorð þegar hlaðin eru niður ný forrit þarf að velja „Always Require“ undir Screen Time -> Content & Privacy Restrictions -> iTunes & AppStore Purchases.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring


12.a.

Til þess að **takmarka aðgang að ákveðnum forritum með því að fjarlægja þau frá skjáborðinu** þarf að fara í Settings -> Screen Time -> Content & Privacy Restrictions.




12. b.

Sláðu inn fjögurra stafa pinnúmerið sem þú valdir þegar þú settir upp Screen Time.



12.c.

Veldu „Allowed Apps“.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring

12.d.

Lokaðu (grátt) fyrir þau forrit sem þú vilt ekki að birtist á skjáborðinu.

Ath. forritin eru áfram í spjaldtölvunni og hægt að gera þau sýnileg aftur með því að fara sömu leið og opna fyrir þau.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring

13.a.


Til þess að gera heimahnappinn og etv. hluta af skjánum óvirkan þegar unnið er í einstökum forritum þarf að fara í Settings -> General -> Accessibility -> Guided Access (neðst undir „Learning“).



13.b.

Opnaðu (grænt) fyrir „Guided Access“ efst.


Þegar þetta er gert í fyrsta skipti ertu beðin(n) um að setja upp pinnúmer sem síðan þarf að nota til þess að taka Guided Access af þegar búið er að nota það.



13.c.

Til þess að nota þrismell á heimahnappinn til að virkja Guided Access þarf að opna (grænt) fyrir „Accessibility Shortcut“.

Ath. það er líka hægt að setja flýtleið að Guided Access í Control Centre (sjá 5.f., bls. 9).






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring

13.d.

### Að nota Guided Access:


Notaðu flýtleiðina (þrísmell á heimahnappinn eða Guided Access í Control Centre) til þess að opna Guided Access þegar þú ert komin(n) inn í forritið sem þú ætlar að vinna í.



13.e.

Teiknaðu etv. hring utan um þau svæði á skjánum sem þú vilt gera óvirk.


Veldu síðan „Start“ efst til hægri til þess að gera heimahnappinn óvirkan á meðan þú ert að vinna í forritinu.



13.f.

Notaðu flýtleiðina aftur til þess að hætta að nota Guided Access.

Þá ertu beðin(n) um að stimpla inn pinnúmerið (sjá. etv. 13.b., bls. 23).







## Leiðbeiningar fyrir sjaldtölvu Hagnýtar stillingar á iPad - aðgengi og aðgangsstýring

13.g.

Veldu „End“ efst í vinstra horni til þess að hætta að nota Guided Access.

